

Drög að lögum „breiðfylkingar“ (vinnuheiti - hér eftir félagið)

- lögð fyrir fyrri stofnfund 12.2.2012 kl. 12.00 sem fram fer í Grasrótarmiðstöðinni, Brautarholti 4, 105 Reykjavík.

I. kafli: Nafn, tilgangur, aðild og varnarþing.

1. gr.

Félagið heitir xxx. Tilgangur félagsins er að berjast fyrir samfélagi sem hefur umburðarlyndi, réttlæti, heiðarleika, **siðgæði** og lýðræði að leiðarljósi. Samfélagi sem byggir á virkni og ábyrgð þegnanna og jafnræði allra, óháð **aldri, búsetu, kyni, efnahag, kynþætti, trúarbrögðum, fötlun, kynhneigð, stöðu eða uppruna.**

2. gr.

Varnarþing félagsins er í Reykjavík.

3. gr.

Öllum er heimil aðild að félaginu.

4. gr.

Félagasamtökum sem styðja grunnstefnu félagsins er heimil aðild að því, að fengnu samþykki félagsfundar. Gangi félagasamtök í heild sinni til liðs við félagið verða þeir félagsmenn umræddra félagasamtaka, sem það kjósa, sjálfkrafa félagsmenn í félaginu. Umsókn félagasamtaka um aðild að félaginu skal fylgja listi yfir þá einstaklinga sem óska jafnhliða eftir aðild að félaginu.

5. gr.

Stefna félagsins skal í hvívetna virða mannréttindi án mismununar.

II. kafli: Lýðræðisleg réttindi félaga

6. gr.

Aðrir en félagsmenn hafa málfrelsi og tillögurétt á öllum opnum fundum félagsins. Í úrskurðarnefnd hafa aðeins nefndarmeðlimir atkvæðisrétt. Að jafnaði skulu kosningar fara fram með handauppréttingu en sé þess óskað skal fara fram leynileg atkvæðagreiðsla. Í atkvæðagreiðslum þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til að tillaga sé samþykkt, nema annað sé tekið fram í lögum þessum um þá tegund fundar sem um er að ræða.

7. gr.

Í öllu starfi félagsins skal reynt að ná samstöðu um mál og framkvæmd mála með samræðu. Fylgja ber verklagsreglum um málefna-starf, sem miða að því að tryggja jafnræði meðal félagsmanna og vandaða umræðu.

8. gr.

Almennt skulu fundir félagsins opnir hverjum sem er. Meirihluti **atkvæðisbærra fundarmanna** getur óskað eftir því að loka fundi fyrir utanaðkomandi aðilum og fjölmiðlum ef ræða þarf mál sem varða lög um persónuvernd eða viðkvæmt mál þar sem gæta þarf trúnaðar og skal fundi þá lokað þá aðeins meðan það mál er rætt. Fundir skulu opinberlega auglýstir með a.m.k. tveggja daga fyrirvara, nema kveðið sé á um annað eða upp komi mál sem bregðast þarf við án tafar. Haldnar skulu **greinargóðar** fundargerðir í samræmi við verklagsreglur á öllum fundum og þær birtar eins fljótt og auðið er á vefsvæði félagsins. Sé þess kostur skal miðla fundum í gegnum veraldarvefinn og gera hverjum sem er kleift að taka þátt í fundinum. Reynt skal til **hins ítrasta** að bjóða upp á þjónustu túlka, **ef þarf**. Tryggja skal aðgengi fólks með fötlun að öllum fundum.

9. gr.

Fundir þinghóps eru undanskildir 8. gr. enda séu málefnalegar ástæður fyrir því.

10. gr.

Allir félagsmenn eiga rétt til að stofna málefnaþóp, enda starfi hann í samræmi við lög félagsins. Skrá skal málefnaþóp með skriflegri tilkynningu til framkvæmdarráðs, þar sem tilgreind er verkáætlun og markmiðslýsing.

11. gr.

Öll gögn félagsins skulu aðgengileg öllum félagsmönnum. Undantekningu má gera ef um er að ræða gögn sem varða lög um persónuvernd eða viðkvæmar upplýsingar sem trúnaður verður að ríkja um. Óheimilt er að birta skrá yfir félagan opinberlega. Allir þeir sem bjóða sig fram í forvali innan félagsins skulu fá jafnan aðgang að félagaskrá. Frambjóðendum er þó ekki heimilt að senda fjöldapósta á félagaskrá nema með milligöngu framkvæmdaráðs. Í öllu slíku kynningarstarfi skal framkvæmdaráðs gæta jafnræðis gagnvart frambjóðendum og meðalhófs gagnvart félagsmönnum. Úrskurði úrskurðarnefnd að brotið hafi verið á þessum rétti frambjóðenda skal forvalsferlið endurtekið.

12. gr.

Misbrestir í framkvæmd eða brot á lögum þessum skal vísa til úrskurðarnefndar sem úrskurðar í málinu.

III. kafli: Félagssfundir

13. gr. (Tiltekinn verði lágmarksfjöldi mætttra til að ákvarðanir félagsfundar öðlist gildi. Nefnd talan 10) – vísað til stofnfundar¹

Á félagsfundum er stefna félagsins, sem unnin hefur verið í málefnaþópum, tekin til samþykktar eða synjunar að lokinni umræðu. Sú samþykkt skal borin undir næsta aðalfund. Mál skulu að jafnaði rædd á tveimur félagsfundum, hið minnsta. Þannig er félagsfundur ekki heimilt að samþykkja mál frá málefnanefnd á fyrsta félagsfundum sem það er tekið fyrir á nema að sá fundur hafi verið boðaður með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og að ⅓ hluta viðstaddra samþykki þá málsmeðferð. Félagssfundur getur einnig vísað málefni aftur til málefnanefndar án afgreiðslu, óski a.m.k. þriðjungur viðstaddra þess. Máli sem félagsfundur hefur vísað til málefnanefndar er **eftir það** ekki hægt að vísa aftur til málefnanefndar nema með samþykki ⅔ viðstaddra á félagsfundum.

14. gr.

Félagssfundir í hverju kjördæmi skulu vera **2** sinnum á ári eða oftar ef þurfa þykir. Til félagsfundar skal boðað óski eftir því a) 5% félagsmanna eða b) 10 félagsmenn, eftir því hvor talan er hærra og/eða **c) og er það framkvæmdaráð/kjördæmaráð sem gerir það**.² Fundina skal auglýsa með a.m.k. **tveggja daga fyrirvara** og að lágmarki í tölvupósti til félaga og á vefsvæði félagsins, en einnig með öðrum leiðum sé þess kostur.

15. gr.

Framkvæmdaráð **og/eða svæðisbundnar stjórnir** bera ábyrgð á framkvæmd félagssfunda.³

16. gr.

Ef upp kemur ágreiningur milli félagsfunda ólíkra kjördæma innan félagsins um einstök málefni, eða ganga þarf frá samræmdri stefnu félagsins, s.s. fyrir kosningar, skulu félagsfundir velja sér fulltrúa, að hámarki þrjú hver. Fulltrúarnir skulu vinna í opnu ferli skv. verklagsreglum félagsins um málefnaþarf að samræmingu tillagna sem svo eru lagðar fyrir í almennri kosningu í félaginu skv. 42. gr. þessara laga. Náist ekki samstaða um tillögur sker almenn kosning innan félagsins úr um niðurstöðu málsins. Sé tillagan felld í kosningu skulu félagsfundir velja nýja fulltrúa sem gera nýja tillögu.

17. gr.

10% félagsmanna hafa heimild til þess að óska eftir því að samþykkt/synjun félagsfundar verði tekin fyrir að nýju á næsta félagsfundum og tekur ákvörðunin þá ekki gildi fyrir en að þeim fundum loknum. Krafan skal berast framkvæmdaráði í samræmi við verklagsreglur þar að lútandi. Einungis er heimilt að beita þessu ákvæði einu sinni við afgreiðslu hvers einstaks máls.

IV. kafli: Framkvæmdaráð

¹ Láðist ekki að taka fyrir að setja inn setningu um þetta?

² Eitthvað bogið við orðalag þarna sýnist mér.

³ Hér taldi ég að samþykkt væri viðbótin „og annarra viðburða í nafni félagsins“.

18. gr.

Framkvæmdaráð ber ábyrgð á og hefur umsjón með almennum rekstri félagsins og starfsemi þess, svo sem bókhaldi, heimasíðu, fundarboðum, fundargerðum kynningarmálum og þess háttar. Framkvæmdaráð útbýr og viðheldur verklagsreglum sem **bornar hafa verið undir aðalfund eða félagsfundi á landsvísu**⁴. Starfsmenn félagsins heyra undir framkvæmdaráð.

19. gr.

Í framkvæmdaráði sitja sjö manns, sem skipta með sér verkum. Fimm eru kjörin í kosningu skv. reglum um forval í IX. kafla þessara laga. Tvö skulu valin með slembivali skv. 45. gr. þessara laga. Kosningar og val á fulltrúum skal fara fram **á, eða í kringum aðalfund ár hvert**.⁵ Hver kjörinn félagi má aðeins sitja þrjú ár í framkvæmdaráði, og telst þá með hafi viðkomandi setið í framkvæmdaráði sem slembivald fulltrúar skulu aðeins valdir einu sinni til setu í framkvæmdaráði.

20. gr.

Kjörnir fulltrúar félagsins geta ekki átt sæti í framkvæmdaráði. (x) Þeir félagar sem gefa kost á sér til setu í framkvæmdaráði skulu skila inn hagsmunaskráningu til sitjandi framkvæmdaráðs. Umrædd hagsmunaskráning skal birt félagsmönnum á vefsíðu félagsins tveim vikum fyrir framkvæmdaráðskosningar. Slembivaldir framkvæmdaráðsmenn skulu skila inn hagsmunaskráningu til birtingar á vefsvæði félagsins eigi síðar en tveimur vikum eftir kjör/val þeirra. Nánari reglur um hagsmunaskráningu skulu útfærðar af framkvæmdaráði og samþykktar á félagsfundi.

21. gr.

Framkvæmdaráð ber ábyrgð á ráðningu starfsmanna. Auglýst skal eftir starfsmönnum opinberlega á grundvelli faglegra hæfniskrafna. **Umsóknarferlið skal vera opið og ber ráðinu að fara eftir þeim forsendum sem lágu til grundvallar hæfniskröfunum. Fástráðning starfsmanna er háð samþykki félagsfundar. Nöfn launaðra starfsmanna séu birt á heimasíðu félagsins.**

22. gr.

Framkvæmdaráði ber að haga rekstri félagsins í samræmi við tekjur þess og er óheimilt að stofna til skulda sem eru umfram 20% af **áætluðum** árstekjum.

(x – grein (áður 23.gr.) felld út með í huga að hún fari í Verklagsreglur)

V. kafli: Úrskurðarnefnd

23. gr.

Úrskurðarnefnd tekur fyrir og úrskurðar um misbrest í framkvæmd og brot á lögum, verklagsreglum og samþykktum flokksins. Niðurstaða úrskurðarnefndar er endanleg.

24. gr.

Í úrskurðarnefnd skulu sitja fimm manns. Þrír meðlimir nefndarinnar skulu kjörin skv. reglum um forval í IX. kafla þessara laga. Tveir meðlimir nefndarinnar skulu valdir með slembivali skv. 45. gr. þessara laga. Valið er í úrskurðarnefnd til árs í senn **samhliða aðalfundi. Enginn getur segið lengur í úrskurðarnefnd en þrjú ár.**

25. gr.

Erindi til Úrskurðarnefndar skulu berast skriflega (x). Úrskurðarnefnd ber að kanna mál til hlítar og ræða við alla hlutaðeigandi nema þeir synji því að gera grein fyrir máli sínu. Úrskurðarnefnd skal ávalt hefja málsmeðferð með því að leita sátta. Úrskurðarnefnd tryggir að siðareglur taki gildi og verði endurskoðaðar eftir þörfum. **Úrskurðir nefndarinnar skulu birtir að virtum persónuverndarsjónarmiðum.**

26. gr.

Gæta skal þess að afgreiðsla mála dragist ekki lengur en í þrjá mánuði hið mesta.

⁴ Hér hygg ég að líka hafi verið haldið inni „og samþykktar þar“

⁵ Eitthvað skrítið – átti þetta ekki að vera „samhliða aðalfundi“?

VI. kafli: Málefnaþópar

27. gr.

Málefnaþópar vinna stefnu og stefnumörkun félagsins sem lögð er til samþykktar eða synjunar á félagsfundum **á landsvísu og/eða aðalfundi**. Á fundum málefnaþópa skulu rædd þau málefni er snúa að málefnum hópsins, eins og þau eru skilgreind í markmiðslýsingu hópsins sem liggur fyrir hjá framkvæmdaráði. **Séu fleiri en einn málefnaþópur starfandi á milli kjördæmi um sömu mál skulu þeir leitast við að starfa saman.**

28. gr.

Málefnaþópar starfa í samræmi við verklagsreglur félagsins og skal reynt **til hins ítrasta**⁶ að ná samstöðu um málefni. Fundarstjóri og ritari eru skipaður í upphafi hvers fundar málefnaþóps. Rædd eru málefni fundarins og að honum loknum valdir ábyrgðarmenn til að vinna tillögur til afgreiðslu. **Ábyrgðarmenn skulu að vera tveir að lágmarki og skal leitast við að hafa kynjahlutföll jöfn..** Ábyrgðarmenn samsvarandi málefnaþópa milli landshluta skulu samræma störf sín eftir því sem kostur er. Ábyrgðarmönnum er skylt að afla sér bestu gagna, reynslu og þekkingar og vanda ætíð vinnu við gerð tillagna. Fundarstjóri og ritari geta verið ábyrgðarmenn. Starfsemi málefnaþópa og umræður í þeim geta að hluta eða öllu leiti farið fram á internetinu.

29. gr.

Ritari málefnaþóps heldur utan um gögn hans, fundargerðir, upptökur af fundum og annað efni sem safnast í störfum hópsins.

30. gr.

Tillögur málefnaþópa skulu vera skriflegar og sendar framkvæmdarráði sem leggur þær fyrir næsta félagsfund á landsvísu eða aðalfund sem ekki hefur þegar verið boðað til.

31. gr.

Starfrækja skal a.m.k. einn málefnaþópur fyrir hvert ráðuneyti. Einnig skal sérstakur málefnaþópur starfi um lýðræðismál óháð málaflokkum.

VII. kafli: Kjördæmafélög

32. gr.

Í hverju kjördæmi skal starfrækt þriggja manna framkvæmdaráð þess kjördæmis, kjördæmisráð, sem ber ábyrgð á starfsemi félagsins í því kjördæmi skv. ákvæðum IV. kafla þessara laga. Skulu fulltrúar í framkvæmdaráði kjördæmis kjörin skv. reglum um forval í IX. kafla þessara laga **samhliða aðalfundi** ár hvert. Hverjum félasmanni er aðeins heimilt að sitja átta sinnum í kjördæmisráði. Framkvæmdaráð félagsins er jafnframt framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar kjördæmis Norður og Suður, auk Suðvesturkjördæmis.

(x – hér var grein um málefnaþópa (gamla 36.gr.) í kjördæmum sem vísað var til verklagsreglna)

VIII. kafli: Aðalfundur

33. gr.

Aðalfundur er æðsta ákvörðunarvald í málefnum félagsins. Á aðalfundi er ákvarðað um **stefnu** og skipulag **flokksins**⁷ **á landsvísu**, s.s. lög og verklagsreglur og ársreikningur félagsins lagður fram til samþykktar.

34. gr.

Aðalfundur skal (x) halda einu sinni á ári, fyrir 1. júní. Óski 15% félagsmanna eftir því að haldinn verði aukaaðalfundur skal það gert. Aukaaðalfundur má þó ekki halda innan 8 vikna fyrir og 8 vikna eftir reglulegan aðalfund. Framkvæmdaráð ber ábyrgð á aðalfundi og skal boða til hans með a.m.k. 6 vikna fyrirvara. Boðað skal til fundarins að lágmarki með tölvupósti til allra félagsmanna og á vefsvæði félagsins. Framkvæmdaráð

⁶ Taldi að „til hins ítrasta“ hefði verið samþykkt út?

⁷ Ætti að vera „félagsins“.

skal halda undirbúningsfundi þar sem teknar eru ákvarðanir um fundarstað, fundartíma og dagskrá.

35. gr.

Aðeins félagsmenn eiga setu- og atkvæðisrétt á aðalfundi og skal velja fundarstað með tilliti til fjölda skráðra þátttakenda á fundinum.

36. gr.

Vinnulag og skipulag aðalfundar skal vera með sama sniði og önnur starfsemi félagsins. Hver maður hefur eitt atkvæði. Mál skulu rædd þannig að reynt sé (x) að ná samstöðu um niðurstöðu máls.

37. gr.

Lagabreytinga- og verklagsbreytingatillögur skulu berast framkvæmdarráði a.m.k. 16 dögum fyrir aðalfund og þær kynntar ítarlega að lágmarki í tölvupósti og á vefsvæði félagsins eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

38. gr.

Tillögur að breytingum á grunnstefnu skulu berast framkvæmdarráði a.m.k. 16 dögum fyrir aðalfund og þær kynntar ítarlega að lágmarki í tölvupósti og á vefsvæði flokksins⁸ eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

IX. Kafli: Kosningar og val á fulltrúum

39. gr.

Fyrir hverjar kosningar sem félagið býður fram lista skal félagsfundur í hverju kjördæmi velja á milli eftirfarandi valmöguleika um hvaða fyrirkomulag skal viðhaft við val á framboðslista fyrir kjördæmið:

- (a) Forval
- (b) Blöndu forvals og slembivala
- (c) Uppstillingarnefnd
- (d) Óraðaður listi

40. gr.

Ákveði félagsfundur að forval (a) skuli fara fram skal forvalsdagurinn auglýstur með sex vikna fyrirvara, að lágmarki, af hálfu framkvæmdaráðs. Forvalsdagur skal auglýstur á heimasíðu, með tölvupósti til félaga og í einu viðlesnu dagblaði.

41. gr.

Þegar forvalsdagur hefur verið auglýstur af hálfu framkvæmdaráðs hafa frambjóðendur tvær vikur til að skila inn framboðum sínum til framkvæmdaráðs. Allir skráðir félagar hafa rétt til að bjóða sig fram í forvali.

Framboði hvers frambjóðanda skal fylgja almenn kynning á viðkomandi og hagsmunaskráning til birtingar á vefsíðu félagsins. Framkvæmdaráð skal leitast við að birta upplýsingar á vefsíðu félagsins um framkomin framboð, jafnóðum og þær berast, en hefur tvær vikur að hámarki til að birta innsendar upplýsingar um framkomin framboð.

42. gr.

Kosning skal fara fram meðal allra félagsmanna og **gildir flélagatal sem lokað er sjö dögum fyrir kjörfund**. Kosning getur farið fram rafrænt. Framkvæmd skal fara eftir verklagsreglum þar sem leynd er tryggð í kosningunni. Félögum skal tryggt tækifæri til þess að kjósa leynilega á skrifstofum flokksins kjósi þeir þess. Atkvæði sem greitt er á skrifstofu flokksins gildir.

43. gr.

Röðun á kjörseðli skal valin með slembivali. Merkja skal við a.m.k. þrjá frambjóðendur á lista og að hámarki sex. Sá sem hlýtur flest atkvæði raðast í fyrsta sæti á forvalslista og í annað sætið sá frambjóðandi af gagnstæðu kyni (athugasemd við að hafa kynjakvóta vísað til stofnfundar) sem hlaut flest atkvæði og svo koll af kolli. **Hljóti tveir fulltrúar jafn mörg atkvæði skulu þeir fyrst reyna að komast að samkomulagi um uppröðunina milli frambjóðenda sjálfra, gangi það ekki skal varpa hlutkesti um röðun viðkomandi frambjóðenda og hefur**

⁸ félagsins.

framkvæmdaráð umsjón með því.

44. gr.

Ákveði félagsfundur að blanda forvals og slembivala (b) skuli fara fram skulu fyrstu þrír menn á lista vera þeir sem efstir urðu í viðkomandi forvali. Fjórði maður á lista er fyrsti slembivalinn fulltrúi, fimmti maður forvalinn, sjötti slembivalinn, sjöundi forvalinn og svo koll af kolli.

45. gr.

Framkvæmdaráð framkvæmir slembival fyrir opnum tjöldum í viðurvist a.m.k. tíu félagsmann. Nota skal vottaðan tölvubúnað til þess að slembivelja úr félagatali. Slembival skal auglýst með sex vikna fyrirvara, samhliða auglýsingu um forval, og félögum gefinn kostur á því að segja sig frá því. Geti slembivalinn flokksfélagi ekki tekið það trúnaðarstarf er hann valdist til, s.s. vegna veikinda eða annarra þátta, eða standi vilji hans ekki til þess að taka að sér umrætt trúnaðarstarf, skal velja annan í hans stað með slembivali.

Slembivalinn fulltrúi skal skila hagsmunaskráningu til framkvæmdaráðs til birtingar á vefsvæði félagsins tveim vikum eftir að viðkomandi var valinn á framboðslista.

46. gr.

Gæta skal jafnræðis í kynningu á frambjóðendum í forvali og upplýsingar um þá aðgengilegar félögum. Öllum frambjóðendum ber að fylgja verklagsreglum um forval. Frambjóðendum skal óheimilt að verja fjármunum til kynningar umfram 100.000 krónur. Verði frambjóðandi uppvis að brotum á verklagsreglum eða greinum þessara laga er snúa að forvali er úrskurðarnefnd heimilt að ógilda framboð viðkomandi.

47. gr.

Ákveði félagsfundur að skipa uppstillingarnefnd (c) gilda eftirfarandi reglur um hana og það ferli sem í gang fer: Upptillingarnefnd verði skipuð 5 og allt að 9 fulltrúum. Tryggja skal að eigi komi fleiri en 2 úr sömu byggð ef 5 eru skipaðir og eigi fleiri en 3 úr sömu byggð ef 9 eru skipaðir í uppstillingarnefnd. Í 5 manna nefnd skulu 2 nefndarmenn slembivaldir og þrír samþykktir af félagsfundi og sambærilegra hlutfalla gætt í fjölmennari uppstillingarnefndum. Tillaga uppstillingarnefndar skal vera tvíþætt. Annars vegar um þrjá einstaklinga sem skipa skuli þrjú efstu sæti listans. Um röðun þeirra þriggja einstaklinga skulu félagsmenn kjördæmisins kjósa og gilda um þær kosningar sömu reglur og um forval, eftir því sem við á. Hins vegar skal uppstillingarnefnd gera beina tillögu að frambjóðendum í önnur tiltekin sæti listans og skal sú tillaga kunngerð félagsmönnum áður en kosið er um þrjú efstu sæti listans. Samþykki félagsfundur ekki tillögu uppstillingarnefndar skal hún láta af störfum. Í beinu framhaldi skal félagsfundur taka ákvörðun um hvort skipa skuli nýja uppstillingarnefnd eða viðhafa forval, með eða án slembivala.

48. gr.

Heimilt er að kjósa rafrænt innan félagsins um málefni og fer kosning þá eftir 42. gr. þessara laga.

49. gr.

Félagsfundur þarf að samþykkja framboðslista.

X. kafli: Kjörnir fulltrúar félagsins

50. gr.

Allir **kjörnir** fulltrúar félagsins, hvort sem þeir er kjörnir eða slembivaldir skulu fylgja **því** að málum. Fulltrúum félagsins er skylt að fylgja eftir stefnu félagsins eins og hún lá fyrir þegar viðkomandi fulltrúi var valinn á framboðslista, **svo lengi sem ekki hafa komið fram upplýsingar eða aðrar aðstæður sem breyti málinu í grundvallaratriðum**. Geti þeir það ekki samvisku sinnar vegna skulu þeir **gera framkvæmdaráði grein fyrir afstöðu sinni og málið tekið fyrir á félagsfundi eins fljótt og auðið er**.

51. gr.

Hver kjörinn fulltrúi getur aðeins gengt embætti í tvö kjörtímabil, eða hámark 8 ár á vegum félagsins. Hver félagi má aðeins einu sinni vera valinn í slembivali til setu á framboðslista eða í embætti.

52. gr.

Kjörnum fulltrúum félagsins skal skylt að mæta á framkvæmdaráðsfundi, félagsfundi og málefnaþópsfundi óski a) 2% félaga þess eða b) 5 félagsmenn. Fulltrúum ber einnig skylda að gera grein fyrir verkum sínum og afstöðu óski félagi þess og skal það birt á vefsvæði félagsins.

53. gr.

Kjörnir fulltrúar félagsins skulu ætíð halda formlega fundi, s.s. þingflokksfundi og fundi sveitarstjórnarmanna og skal **greinargóð** fundargerð rituð þar sem ákvarðanataka er rekjanleg. Félagar geta fengið aðgang að fundargerðarbók kjörinna fulltrúa ef ástæða er til. Ef upp kemur ágreingur um aðgang félaga að fundargerðarbók kjörinna fulltrúa skal úrskurðarnefnd skera úr um málið.

54. gr.

Séu í **landslögum** ákvæði er skylda félagið til að tilnefna fulltrúa, s.s. þingflokksformenn, að þá skulu **kjörnir** fulltrúar félagsins skiptast á um að gegna því embætti, eigi lengur en til árs í senn.

55. gr.

Tilheyri þinghópur minnihluta á Alþingi og geti ekki fengið aðstoðarmann til starfa á þinginu nema með því að hafa formann, skal einn þingmaður gegna embætti formanns félagsins, eitt þing í senn. En hann hafi ekki aukin pólitísk völd. Skal hann slembivalinn og skal enginn þingmaður gegna embættinu oftar en eitt þing fyrir en allir þingmennirnir hafa gegnt formannsstöðunni. Þingflokksformaður getur ekki einnig verið formaður félagsins. Aðstoðarmaðurinn skal starfa fyrir þingflokkinn í heild.

XI. Kafli: Ráðherrar og stjórnarsamstarf

56. gr.

Þátttaka í meirihlutasamstarfi er háð samþykki félagsfundar ásamt samþykki félagsfundar á samstarfssáttmála þess meirihlutasamstarfs. Boða skal til **félagsfundar á landsvísu eins fljótt og auðið er** og skulu samhlíða öll gögn liggja fyrir, s.s. stjórnarsáttmáli og önnur samkomulagsatriði.

57. gr.

Gerð samstarfssáttmála við samstarfsflokk/a skal vera í höndum samninganefndar félagsins sem félagsfundur ákveður. **Aðalfundir félagsins kjósi samninganefnd vegna ríkisstjórnarmyndana.** Aðalfundir kjördæmafélaga/staðbundinna félaga kjósi samninganefnd vegna meirihlutasamstarfs í sveitarstjórnnum.

(x – hér felld út grein um ráðherraefni)

58. gr.

Áður en gengið er til kosninga liggja fyrir með hvaða framboðum eða flokkum félagið vill starfa.

XII. kafli: Fjármál⁹

59. gr.

Félaginu er heimilt að taka við fjárframlögum frá einstaklingum og úr sjóðum hins opinbera er styrkja stjórnmalasamtök. Skylt er að upplýsa jafnóðum um öll framlög, og uppruna þeirra, þ.e. nafn þess sem styrkir, dagsetningu styrkveitingar og upphæð, sem félaginu berast á heimasíðu félagsins. Berist framlag frá óþekktum aðila skal gefa styrkinn til líknarsamtaka skv. ákvörðun framkvæmdarráðs.

60. gr.

Félaginu er ekki heimilt að taka við fjárframlagi frá lögaðilum, öðrum en hinu opinbera **sbr. 61. gr.**

61. gr.

Félagið skal að öðru leiti fylgja gildandi lögum um fjármál stjórnmalasamtaka í hvívetna.

⁹ Greinar 59 og 60 eru með fyrirvara um svör/leiðbeiningu Ríkisendurskoðunar.

62. gr.

Ársreikningar félagsins skulu öllum aðgengilegir á heimasíðu.

63. gr.

Verði rekstrarafgangur af starfsemi flokksins skal hann færður í sjóði félagsins. Skal við slit félagsins gefa þá fjármuni sem félagið kann að eiga til líknarfélaga. Endurvinnanlegu lausafé skal koma til endurvinnslu.

64. gr.

Framkvæmdaráð ber ábyrgð á fjármálum flokksins¹⁰.

65. gr.

Lög þessi taka gildi 18. mars 2012.

¹⁰ Átti hér ekki að bætast við „Fulltrúum í framkvæmdaráði er óheimilt að ganga persónulega í fjárhagsábyrgðir fyrir félagið eða stofnanir tengum því“ að viðbættu „að því frátöldu sem landslög kveða á um“?

Viðauki – til skýringar:

A) Það sem ekki náðist almenn samstaða um við undirbúning og var vísað til afgreiðslu stofnfundar:

1. gr. Nafn
3. gr. Aldursmörk
5. gr. Beðið eftir niðurstöðu málefnaþóps um stefnukjarna
7. gr. Tillöguréttur utanfélagsmanna
14. gr. Ákvarðanabærni félagsfundar með tilliti til fjölda fundarmanna
15. gr. Fjöldi félagsmanna sem þarf til að boða félagsfund
30. gr. Kynjahlutföll
48. gr. Kynjahlutföll
56. gr. Fjöldi félagsmanna sem þarf til að skylda fulltrúa til að mæta á félagsfund

B) Varðandi val frambjóðenda og sjálfðæmi kjördæma er brýnt að fyrri stofnfundur taki ákvörðun um hvort:

1. hann samþykki það sem lagt verði fyrir hann í þessum drögum, ef ekki þá er farið í lið 2.

2. kjördæmi eigi að hafa eitthvað sjálfðæmi yfir höfuð eða ekki

a. ef sjálfðæmi þá hvort það sé háð skilyrðum eða ekki

i. ef háð skilyrðum þá hvaða skilyrðum

1. krafa um forval

2. krafa um forval með slembivali

a. ákveða þarf hvar fyrsti slembivalsfulltrúi kemur inn

3. krafa um uppstillingu/samkomulag

4. krafa um blöndu af ofangreindu

b. ef ekki sjálfðæmi þá er farið í lið 3.

3. Gengið er út frá því að öll kjördæmi lúti sömu reglum þá þarf að velja á milli:

a. Forval

b. Forval með slembivali

i. ákveða hvar fyrsti slembivalsfulltrúi kemur inn

c. uppstilling/samkomulag

d. blöndu af ofangreindu.